

**86** sjóður skuli aðeins borga 100 kr. af öllum árlegum kostnaði til sóttvarna, eða á 9. okt. þá leið, að þessi greiðsla sje miðuð við hverja einstaka farsótt. Hafið þjer jafnframt tekið það fram, að bæði hin danska þýðing laganna og athugasemdirnar við frumvarp stjórnarinnar til laganna (Alþingistíðindi 1895 C, bls. 120) bendi til, að meining laganna sje sú, að sýslusjóður greiði eigi meira en 100 kr. á ári af tilföllum sóttvarnarkostnaði, þótt sóttirnar hafi verið fleiri en ein á sama árinu.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að enginn efi getur að minni skoðun leikið á því að hið umrædda ákvæði ber að skilja á þann hátt, sem athugasemdirnar við frumvarpið til laganna benda til, svo sem þjer og hafið tekið fram.

## Anglýsing

**87** 12. okt. um skilyrði og reglur fyrir veiting á styrk úr landssjóði til búnaðarfélaga.

Samkvæmt ályktunum, samþykktum af báðum deildum alþingis 1901 skal um skilyrðin fyrir styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarfélaga og reglur fyrir úthlutun styrksins skipað svo fyrir, sem hjer segir:

### A. Almenn skilyrði:

1. Að 8 menn eða fleiri í fjelagi hverju hafi á næsta ári á undan því, er styrkurinn er veittur, unnið að jarðyrkjustörfum þeim, er til greina eru tekin við styrkveitingu, samkvæmt eptirfylgjandi reglum, og að fjelagið hafi á nefndu ári unnið að minnsta kosti 12 dagsverk fyrir hvern búanda, sem í fjelaginu er, að nefndum störfum.
2. Að fjelagið hafi sett sjer lög og stjórn.
3. Að bónarbrjef um styrkinn sje stýlað og sent til landshöfðingja; skulu því fylgja:
  - a. Afrit af lögum fjelagsins í eitt skipti (næsta ár) og síðan í hvert sinn, er efnisbreyting er gjörð á þeim.
  - b. Reikningur um tekjur og gjöld fjelagsins síðastliðið fjelagsár.
  - c. Skýrsla um unnar jarðabætur í fjelaginu á síðastliðnu fjelagsári, útgefin af stjórn fjelagsins. Skal skýrslan samin eptir formi (skema), er landshöfðingi semur og úthlutar, og tiltaka stærð hvernjar jarðarbótar, svo og dagsverkatölu hjá hverjum fjelagsmanni.
4. Að skoðunarmaður, er sýslunefnd eða bæjarstjórn hefir til nefnt, rannsaki og mæli allar þær jarðabætur, er í skýrslu eru teknar og votti á skýrslunni, að þær sjeu þær rjett taldar, vel af hendi leystar samkvæmt tilgangi sínum, og hliti að öðrum leyti þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir styrkveitingu. — Skoðunarmenn þessir skulu eigi fleiri vera en 3 í sýslu hverri.

### B. Reglur:

1. Þessar jarðabætur skulu teknar til greina við styrkveitingu:

- a. Túnasljettur (paksljettur og grónar flagsljettur).
- b. Sáðreitir, nýyrktir (flatarmálið).
- c. Gripheldar girðingar um tún, sáðreiti, fjárbæli og engi, svo og hestarrjettir.
- d. Varnarskurðir gripheldir.
- e. Flóðgarðar (uppistöðugarðar).
- f. Stíflugarðar.
- g. Vatnsveitingaskurðir.
- h. Lokræsi.
- i. Aburðarhús og lagheldar safnþrór með þaki.

Endurbætur á gömlum jarðabótum, þeim er búnaðarfjelagið hefir stutt að, skal eigi telja á skýrslu, nje heldur þær jarðabætur, sem eigi eru fullgerðar samkvæmt reglum þessum.

2. Jarðabætur skulu lagðar í dagsverk þannig:

- a. Túnasljettur . . . . . 12 ☐ faðm.
- b. Sáðreitir byltir og blandaðir . . . . . 20 — —
- c. Girðingar gripheldar:
  1. Grjótgarðar einhlaðnir . . . . . 4' á hæð 4 faðm.
  2. ——— tvíhlaðnir . . . . . 4' — 2 —
  3. ——— úr höggnu grjóti . . . . . , . . 4' — 1 —
  4. Garðar úr torfi og grjóti . . . . . 4' — 3 —
  5. — úr torfi 3' á hæð og 4'—5' á breidd að neðan . . 4 faðm.
  6. Virgirðingar með að minnsta kosti 3 strengjum, og vírnetsgirðingar, 3 feta háar, með járnstólpum og tryggðri undirstöðu 5 —
- d. Varnarskurðir 6'—7' á breidd, 2'—3' á dýpt og garður hlaðinn á bakkann 2'—3' á hæð . . . . . 5 —
- e. Flóðgarðar . . . . . 250 ten.fet
- f. Stíflugarðar . . . . . 150 —
- g. Vatnsveitingaskurðir:
  1. Einstungnir . . . . . 500 —
  2. Tveggja feta djúpir . . . . . 400 —
  3. Þriggja — — . . . . . 350 —
- h. Lokræsi:
  1. Með grjóti (malræsi) . . . . . 3 faðm.
  2. Með hnaus (holræsi) . . . . . 6 —
  3. Með pípum (pípuræsi) . . . . . 4 —
- i. Aburðarhús og þrór:
  1. Aburðarhús (5'—6' vegghæð). . . . . 80 ten.fet
  2. Safnþrór úr grjóti steinlimdar . . . . . 50 —
  3. ——— úr öðru efni . . . . . 100 —

3. Styrkveitingar skal miða við dagsverkatölu, er að framangreindum jarðabótum hafa verið unnin í fjelagi hverju næsta almanaksár á undan því, sem styrkurinn er veittur.

- 87** 4. Bónarbrjef um styrkinn eiga að vera komin til landshöfðingja fyrir 1. ágúst  
12. okt. það ár, sem styrkurinn er veittur.

C. Til skýringar skoðunarmönnum.

1. Jarðabætur, sem eigi mega fullgerðar teljast, eru meðal annars: sáðgarðar, fjárbæli og hestarjettir, ef girðing er eigi komin gripheld á alla vegu.
2. Sje girðing eigi gripheld að áliti skoðunarmanns, enda þótt hún að hæð og breidd fullnægi reglum þessum, og skal hún því að eins fullgerð talin, að hún sje gjörð gripheld með vírstreng, eður á annan jafntryggan hátt. — Sama gildir og um varnarskurði (sbr. B. 2. d.).
3. Með tvíhlöðnum grjótgörðum má telja þá garða, er hafa sjálfstæða hleðslu úr grjóti varnarmegin, en upp með henni tryggilega torfhleðslu.
4. Úr torfi og grjóti eru þeir garðar taldir, er hafa grjót og torflög á víxl.
5. Hestarjettir teljist því að eins til jarðabóta, að þær sjeu við tún eða bæ og tilheyri heimilinu.
6. Undirstöðu vír- eða vírnetsgirðingar má því að eins telja tryggja, að járnstólparnir sjeu festir í berg eða stöðuga undirstöðusteina, eða á annan hátt svo um stólpana búið, að þeir eigi raskist, þótt gripir ráðist á girðinguna.

Vírgirðingar má því að eins taka gildar, að þær sjeu gjörðar úr gadda-vír eða galvaníseruðum  $\frac{1}{8}$  þml. gildum járnvír.

7. Stífingarðar teljast allar fyrirhleðslur í ár, læki, farvegu, jarðföll eða síki, enda sje þær meiri að hæð og þykkt en venjulegir flóðgarðar.
8. Með rúmmáli áburðarhúsa skal eigi telja risið nje það rúm annað, sem vera kann ofan við 6 feta vegghæð (innanvert).
9. Lagheldar safnþrór teljast, auk þeirra, sem steinlímdar eru, þær, sem eru annaðhvort alþiljaðar, eða þjettar með vatnsheldum leir í botninn og hlaðnar tryggilegri torfhleðslu (streng) allt í kring upp í gegn.

Reykjavík, 12. oktbr. 1901.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

**Magnús Stephensen.**

*Jón Magnússon.*

## Auglýsing

um yfirsetukvennaumdæmaskipun í Suðuramtinu.

I. Vesturskaptafellssýsla.

1. Hörgslandshreppur, frá Skeiðarársandi að Geirlandsá.
2. Kirkjubæjarhreppur, að undanskildum Skaptárdal og A.
3. Langholtssókn (Medalland).
4. Þykkvabæjarklausturssókn (Alptaver).
5. Asa- og Búlandssóknir (Skaptártunga með A og Skaptárdal).